

Til: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Frá: Rán Tryggvadóttur, formanni höfundaréttarnefndar

6. mars 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, 36. mál (sjálfvirk gagnagreining).

Frumvarpið sem um ræðir leggur til að tekin verði upp ný takmörkun á einkarétti höfunda til að heimla eða banna eintakagerð af verkum sínum vegna breytts tækniumhverfis, nánar tiltekið til þess að búa til eintök af höfundaréttarvörðum verkum í því skyni að nota slík eintök til að greina ýmsa þætti verkens sjálfvirkt. Á ensku er slík gagnagreining nefnd „text- and datamining“ sem býða má sem texta- og gagnanám. Slík rafræn nýting verka er mikilvæg fyrir margvísleg verkefni hér á landi t.d. í rannsóknnum á máltækni. Því er mikilvægt að huga að þessum málum. Hins vegar er mjög umdeilt í nágrennalöndum okkar hvernig standa skuli að slíkri lagasetningu. Þær deilur helgast af mismunandi hagsmunum rétthafa og notenda sem greinir á hvernig þessi mál skuli leyst. Einnig blandast þar inni ýmis tæknileg atriði. Rétthafar benda á hættu á misnotkun slíkrar undanþágu og vilja leggja áherslu á að eingöngu sé hægt að heimila slíka undanþágu fyrir not sem ekki eru í fjárhagslegum tilgangi og að nauðsynlegt sé að lögfesta jafnframt öryggisákvæði til að takmarka möguleika á misnotkun. Margir fulltrúar rétthafa og útgefenda telja að þessi mál séu best leyst með samningum. Fulltrúar notenda telja hins vegar margir hverjir að undanþágan þurfi að vera víðtæk til að hún komi að sem mestu gagni.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði fram frumvarp í desember 2016 á sviði þar sem m.a. er ákvæði um texta- og gagnanám.<sup>1</sup> Það frumvarp er enn í ferli hjá Evrópuþinginu og ráðinu. Mörg ákvæði þess frumvarps eru umdeild, þ.á m. ákvæðið um texta- og gagnanám. Sem stendur<sup>2</sup> er það ákvæði miðað við að undanþágan gildi eingöngu fyrir verkefni sem eru í vísindalegum tilgangi.

Í ljósi þess hve flókið og umdeilt þetta mál er þá er mælt með því að frekari umræða og könnun á þörfum og hagsmunum hlutaðeigandi aðila sem þetta mál varðar fari fram áður en lögfest eru ákvæði um efnið. Þá er á það bent að ef og þegar Evrópusambandið lögfestir ákvæði um þessi mál þá mun sú löggjöf falla undir EES samninginn og því nauðsyn að hafa hliðsjón af þróun mála þar.

---

<sup>1</sup> COM(2016) 593 final, *Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council on copyright in the Digital Single Market*, (14 September 2016).

<sup>2</sup> Sjá málamiðlunartillögu sem lögð var fram í Evrópuráðinu 13. desember 2017, <http://data.consilium.europa.eu/doc/document/ST-15651-2017-INIT/en/pdf>, bls. 47.